

Jarðhitarannsókn á Geirseyri, Patreksfirði

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-86-30

JARÐHITARANNSÓKN Á GEIRSEYRI, PATREKSFIRÐI

Á árunum 1976 og 1978 var boruð 630 m djúp rannsóknarhola á Drengjaholti rétt utan við landskika Geirseyrar kringum Ásbúð. Þarna eru óverulegar volgrur 7-12°C heitar. Þær virðast vera tengdar tveimur berggöngum sem sjást við ána (md.1). Heitasta volgran (12,5°C) kemur upp nærri innri bergganginum sem sést sunnan árinna. Misgengi með NA-SV stefnu liggur yfir ána rúmum 100 m innan við gangana. Því hallar til norðvesturs um 70°. Innri ganginum hallar um nokkrar gráður til NV, en hallinn á þeim ytri er til austurs, einnig nokkrar gráður.

Borholan á Drengjaholti er um 70-100 m vestan við gangana og nær ekki að skera þá. Vatnsæðar fundust í henni á 100, 200, 280 og 310 m dýpi. Hiti í 300 m var tæpar 30°C (md.2). Holan gaf í sjálfrennsli um 1,5 l/s af 20°C heitu vatni. Holan var boruð fyrir fé frá orkusjóði vegna könnunar á jarðhitalíkum á Patreksfirði. Við dýpkun holunnar frá 300 m í 630 m komu ekki fram neinar umtalsverðar vatnsæðar og hiti í botni reyndist einungis vera um 35°C. Hætt var frekari jarðhitaleit, þar sem vatnskerfið er sýnilega of kalt til húshitunar og bundið við efstu 300 m berggrunnsins eða þar um bil. Samkvæmt hita í botni holunnar má vænta um 50°C hita í 1000 m dýpi sem er nærri meðalgildi hitastiguls vestantil á Vestfjörðum.


Efnagreining á vatni úr borholunni á Drengjaholti bendir til 35-40°C heits vatnskerfis. Sé vatnskerfið bundið berggöngunum eða misgenginu innan við holuna mætti búast við eitthvað heitara vatni ef þar yrði borað.

Að ósk eiganda landskikans kringum Ásbúð hefur verið staðsett þar borhola til öflunar volgs vatns til seiðaeldis. Holan er á milli tveggja bergganga og er henni ætlað að skera a.m.k. þann innri svo og misgengið innan við gangana og er þá miðað er við 300-350 m djúpa holu.

15 JHD·JK-4603.KS
86.10.0789.SyJ.

GEIRSEYRI, PATREKSFIRÐI


Borsvæði



0 50m

'77.03.16 KS / AA
T 1931 T 126
Hitam. Barðast.
F 15437

Hitamæling, jarðlög
Hóla í Patreksfirði



Patreksfjörður
Hitastigulshóla
Dýpi 397,5 m
Fóðring 14" í 50
Rennsli 1,8 l/s
Borun lauk '76.0
Mælt '76.05.17

Einfaldað jarðlagasnið